

Ár 2010, þriðjudaginn 17. ágúst, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum og Sigurði I. Halldórssyni, Gunnari Guðmundssyni og Helga R. Magnússyni.

Fyrir er tekið málið nr. 2/2010:

Ungmennafélagið Neisti

gegn

Ungmennafélagi Langnesinga

Gögn málsins merkt nr. 1-7 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi:

Ungmennafélagið Neisti, kt. 670484-0849.

Vörðu 4,

765 Djúpavogi.

Fyrirsvarsmaður: Sóley Dögg Birgisdóttir.

Kærði:

Ungmennafélag Langnesinga, kt. 570795-2609.

Langanesvegi 18,

680 Þórshöfn.

Fyrirsvarsmaður: Sölvi Steinn Alfredsson.

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ 10. júlí sl. Ákveðin var að gefa kærða frest til að skila greinargerð til 20. júlí sl. Greinargerð kærða er dagsett 20. júlí sl.

Kröfur:

Kærandi krefst þess að leikur Neista og UMFL í 5. flokki karla, sem fram fór þann 6. júlí sl. vriði dæmdur UMFL tapaður 0-3.

Kærði hefur viðurkennt að hafa teflt fram ólöglegum leikmanni og gerir þ.a.l. ekki athugasemd við kærana.

II.

Málsatvik og ágreiningsefni:

Leikur Neista og UMFL fór fram 6. júlí sl og lauk með sigri UMFL 2-3. Kærandi heldur því fram að með liði UMFL hafi leikið 13 ára gamall drengur sem fæddur er 1997 en gjaldgengir til þátttöku í leikjum 5. flokks eru einungis leikmenn fæddir árin 1998 og 1999. Því hafi lið UMFL verið ólöglega skipað og beri að dæma leikinn þeim tapaðan 0-3 skv. gr. 40.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Eins og áður segir þá hefur kærði viðurkennt brot sitt.

IV.

Niðurstaða:

Í máli þessu er óumdeilt að UMFL notaði eldri leikmann í leik sínum gegn Neista sem fram fór þann 6. júlí sl. Samkvæmt gr. 40.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót telst lið sem mætir ólöglega skipað til leiks hafa tapað leiknum 0-3.

Með vísan til framanritaðs telst UMFL hafa tapað leik sínum gegn Neista 0-3.

V..

Úrskurðarorð:

Ungmennafélagið Neisti telst hafa unnið leik gegn Ungmennafélagi Langnesinga í Íslandsmóti 5. flokks karla sem fram fór þann 6. júlí 2010 með markatölunni 3-0. Ungmennafélag Langnesinga skal greiða sekt að fjárhæð kr. 5.000,- til KSÍ.

Sigurður I. Halldórsson

Gunnar Guðmundsson

Helgi R. Magnússon

Um Áfrýjun:

Samkvæmt grein 14.3. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 5 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

